

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir

Fyrirheit
Guðs til
Abrahams



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus
Aðlaggað af: M. Maillot; Tammy S.
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Löngu eftir flóðið fengu jarðarbúar furðulega hugmynd.


"Nú skulum við byggja stóra borg með turni sem nær alla leið til himna," sögðu þeir. Í þá daga töluðu allir jarðarbúar sama tungumál.



Ætlun Guðs var að fólk færi og settist að víðsvegar um heiminn. Svo Guð innleiddi ný tungumál, og fyrr en varði töluðu sumir hópar fólks öðruvísi mál en aðrir.




Þeir sem töluðu sama málið fluttust nú saman í burtu.
Kannski fólk hafi orðið hrætt við þá sem töluðu
framandi mál. Þannig fór Guð að því að stofna hinar
ýmsu þjóðir. Borgin sem fólkið fluttist frá var
kölluð Babel,




sem þýðir rugl.



Löngu síðar viku
sögunni til manns er
hét Abram, og bjó í
Úr í Kaldeu. Guð
kom til Abrams og
sagði. "Farðu burt
úr þessu landi, til
landsins sem ég
mun vísa
þér til."




Abram gegndi. Guð vísaði honum til Kanaanlands.
Abram tók konu sína Saraí og Lot frænda sinn með sér.



Abram og Lot urðu báðir ríkir í Kanaanlandi. Þeir eignuðust stórar nautgripahjarðir, og fyrr en varði skorti þá beutiland fyrir hjarðirnar.




Sundurþykkja reis upp á milli hjarðmanna þeirra. "Látum ekki misklíð sundra okkur," sagði Abram við Lot. "Við skulum aðskiljast. Þú velur þér hvað sem þú vilt af landinu."



Lot valdi sér grösuga landsléttu,
stórt landflæmi glæsilegt á að líta,
með borgum og bæjum. En fólkið í
borgunum var afvegaleitt
og stórsyndugt.




Þegar Lot var farinn, talaði Guð aftur við Abram. "Ég gef þér og þínum niðjum allt Kanaanland til eilífðar." Abram og Saraí voru barnlaus. Hvernig mundi Guð fara



að því að
standa
við loforð
sitt?





Guði komu í heimsókn

til Abrams og Saraí. "Þið munuð bráðum eignast barn" sögðu þeir. Saraí trúði ekki og hló við, því hún var orðin níutíu ára gömul. Guð hafði nú breitt nöfnum Abrams og Saraí í Abraham og Söru.



Guð sagði Abraham að hann hefði í hyggju að eyða hinum syndugu borgum, Sódómu og Gómorru. Lot, frændi Abrahams og fjölskylda hans, áttu heima í Sódómu.



Lot trúði viðvörðunum
Guðs, en tengdasynir
hans ekki. Þótt
sorglegt sé, trúðu
þeir ekki á Guð
og neituðu að
yfirgefa
Sódómu.



Báðar borgirnar syndugu,
eyðilögðust af eldi og
brennisteini. Engir nema
Lot og dætur hans
tvær, komust
undan.



En kona Lots óhlýðnaðist
viðvörðunum Guðs. Hún leit
við á hlaupunum og varð að
saltstöpli.



Drottinn stóð
við það sem
hann hafði lofað
Abraham og
Söru. Þeim til
mikillar gleði,
eignuðust þau
barn í ellinni
eins og Guð
hafði sagt þeim.



Líklegt er að
Abraham hafi oft
íhugað loforð Guðs
um að gefa honum og
afkomendum hans
Kanaanland til eignar.
Guð stóð líka við
það loforð.



Guð
stendur

alltaf
við loforð sín.

Fyrirheit Guðs til Abrahams

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Fyrstu Mósebók 11-21


“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





4



60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

